

Ársskýrsla Félags eldri borgara í Hveragerði frá 24.2.23- 16.2.2024

Aðalfundur var haldinn þann 24.2.23 kl. 15 í Þorlákssetri og mættu rúmlega 80 manns. Ný stjórn var kosin:

Formaður: Sigurlín Sveinbjarnardóttir.

Í aðalstjórn: Daði Ingimundarson og Sigrún Anna Stefánsdóttir.

Í varastjórn: Sigrún Guðný Arndal.

Skoðunarmenn reikninga: Hólmfríður Skaptadóttir og Þórdís Magnúsdóttir.

Varamaður skoðunar reikninga: Jakob Árnason.

Fulltrúar vegna Landsambands eldri borgara: Formaður, varaformaður og gjaldkeri félagsins.

Ekki voru tillögur um neinar lagabreytingar og stungið var upp á að árgjald yrði óbreytt.

Að loknum aðalfundi skipti stjórnin með sér verkum: Sigurlín Sveinbjarnardóttir, formaður, Daði Ingimundarson, varaformaður, Sigrún Anna Stefánsdóttir, ritari, Steinunn Aldís Helgadóttir, gjaldkeri og Marta Hauksdóttir, meðstjórnandi. Varamenn voru Björn Guðjónsson og Sigrún Guðný Arndal.

Á þessu tímabili hafa verið haldnir 23 formlegir stjórnarfundir, auk margra óformlegra og formlegra (m.a. með Björtum lífstíl, þrír í Öldungaráði og tveir hjá bæjarstjóra).

Vegleg afmælishátíð var haldinn þann 25. mars á Hótel Örk vegna 40 ára afmælis félagsins og mætti 121 gestur. Það voru Jónína Haraldsdóttir og Vilhjálmur Alfredsson sem áttu veg og vanda að skipulagningunni. Þar var glæsileg dagskrá, sem einkenndist af mikilli kórsöngsveislu þar sem bæði kór félagsins, Hverafuglar og Karlakórinn héldu uppi glæsilegum kórsöng, þar voru ræður og ávörp, danssýning og fleira. Ekki má gleyma að nefna glæsilega þriggja rétta máltíð að hætti hússins. Þá var stiginn dans langt fram eftir kvöldi eða inn í nóttina.

Haldnir voru þrír félagsfundir auk aðalfundar. Vorfundur var haldinn í Þorlákssetri þann 12.5. kl. 18.30 og mættu um 90 manns. Þar kynntu stjórnarmenn m.a. verkefnið Bjartan lífstíl og einnig störf Öldungaráðs og formaður Landsambands eldri borgara, Helgi Pétursson kom og sagði vel og skemmtilega frá þeim málum sem þeir eru að kljást við.

Hautfundur var haldinn þann 10.9. og mættu 100 manns. Þar var verið að kynna nýtt skráningarkerfi „Sportabler“ sem félagið ætlaði að taka upp fyrir námskeið og

viðburði sem greiða þarf fyrir. Rannveig Reynisdóttir kom frá bæjarskrifstofunni og aðstoðaði með þessa kynningu. Einnig var kynntur nýr starfsmaður Ásta Gunnlaugsdóttir, sem ráðin var tímabundið til að aðstoða félagsmenn við skráningu.

Jólafundurinn var að þessu sinni haldinn á Hótel Örk þann 6. desember og mættu yfir 70 manns. Kór félagsins söng og félagsmenn gæddu sér á dýrindis veitingum af líklega flottasta jólahlaðborði landsins þetta árið. Einnig voru kynningar á starfinu framundan og

forstöðumaður Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku, Ingimar Guðmundsson, kynnti hugmynd að samstafi milli þeirra og Félags eldri borgara. Nýr starfsmaður okkar, Kolbrún Ósk Guðmundsdóttir, sem hóf störf í byrjun desember, kynnti sig einnig en hún er í 30% stöðu hjá okkur en 70% í Bungubrekku.

Vikudagskrá félagsins er nú komin í aðeins fastari skorður þar sem fallið hafa niður námskeið sem ekki var næg aðsókn að en tekist hefur að bæta við fleiri hópum á vinsæl námskeið. Nú eru í gangi 10 vikna námskeið sem enda fyrir páska og á haustönn voru einnig 10 vikna námskeið.

Starf hópanna gengur yfirleitt vel og reynir stjórnin að fylgjast með og aðstoða ef þarf. Miklu skiptir að hafa góða hópstjóra en þátttakendur eru þó aðalatriðið.

Farið var í mjög góða tveggja daga ferð um Snæfellsnes og Borgarfjörð í byrjun maí og gist í Borgarnesi. Fyrirhugað var að fara í dagsferð í haust um Reykjanes en það tókst ekki áður en svæðið var orðið of hættulegt. Það bíður nú nýrrar ferðanefndar að skipuleggja ferðir vorsins.

Tvisvar hefur verið farið í leikhús í Reykjavík, í nóvember og í janúar. Áhugi er fyrir að líta okkur nær um hvað er verið að sýna í kringum okkur.

Í lok september var farið í pizzu og bjórkynningu í Ölverk. Var það mjög vinsælt og verður eflaust endurtekið síðar.

Hin vinsæla sviðaveisla var endurtekin í Rósakaffi í nóvember. Við vorum undir það búin að skipta í tvo hópa þar sem aðsóknin var svo gífurleg í fyrra (107 manns). En til þess kom ekki því nú mættu rúmlega 70 manns.

Í kór Félags eldri borgara, Hverafuglum, starfa 37 kórfélagar og æfa einu sinni í viku með kórstjóra í 8 mánuði á ári. Í mars voru þeir með fín söngatriði á afmælishófi félagsins á Hótel Örk, eins og áður var nefnt, og héldu einnig fjáröflunarkvöld (bingó) í þeim mánuði. Í maí var farin velheppnuð söngferð til Gdansk í Póllandi og í júní var grillveisla í heimagarði. Í nóvember var tekið á móti vinakór frá Félagi eldri borgara á Akranesi og í desember tók kórinn þátt í Aðventusöng kóranna í kirkjunni.

Síðan í nóvember hafa tvær nefndir lögum samkvæmt verið að störfum hjá félaginu til að undirbúa aðalfundinn. Í uppstillinganefnd eiga sæti:

Formaður: Jóna Einarsdóttir. Meðstjórnandi: Sesselja Guðmundsdóttir.
Meðstjórnandi: Eyvindur Bjarnason.

Nefndin hefur lokið störfum og skilað af sér. Auglýsingin hefur legið frammi á skrifstofu félagsins á réttum tíma eða frá 31. janúar sl.

Einnig var skipaður starfshópur til að gera tillögur um lagabreytingar ef þurfa þykir en lög félagsins voru síðast endurskoðuð 2012.

Formaður: Jóhann Gunnarsson.

Meðstjórnandi: Páll Guðmundsson.

Meðstjórnandi: Sigurlín Sveinbjarnardóttir.

Tillögur þessa starfshóps voru sendar út með aðalfundarboði og verður kosið um þær hér á aðalfundi.

Þess er vert að geta að Félag eldri borgara í Hveragerði hefur náð merkingu samningi við Heilsustofnun Nlfí sem gerir okkur kleyft að auka verulega möguleika okkar á að bjóða góða hreyfingu fyrir okkar félagsmenn. Þar má nefna hina sívinsælu vatnsleikfimi, (tölur í sviga sýna fjöldi þátttakenda á árinu (274), Yoga (19), Yoga Nidra (50) og Yoga í vatni (14).

Auk þessa hefur verið boðið upp á vatnslitamálun (6) , spænsku (35), dansleikfimi (16), línudans (13), gömludansa (13), tréútskurð (8), hekla körfu (12)). Samtals gerir þetta 460 þátttakendur á árinu.

Fjölgun félagsmanna á árinu voru 58, fjöldinn í dag er 380 samtals.

Stjórnin hefur lagt sig fram um að vinna vel og auka þjónustu við félagsmenn. Allir hafa komið að því starfi, jafnvel gegnum fjarfundabúnað og hefur samstarfið verið mjög gott. Nokkuð hefur borið á veikindum en þó ekkert sem hindrað hefur starfsemi félagsins. Búið er að gjörbylta starfseminni á síðustu tveimur árum, enda var hún í mikilli lægð eftir heimsfaraldur ofl. Alltaf er hægt að gera betur. Ég vil þakka þeim sem hætta í stjórninni fyrir samstarfið og óska þeim alls góðs í framtíðinni.

Hveragerði 16.2.2024

F.h. stjórnar, Sigurlín Sveinbjarnardóttir, formaður